


Sýnir á Kjarvalsstöðum

Í DAG opnaði ungur listamaður málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Er þarna á ferðinni Tarnús eða öðru nafni Grétar Magnús Guðmundsson, sem heldur sína fyrstu einkasýningu. Grétar var við nám í Myndlistar- og handíðarskólanum og lauk þaðan kennaraprófi vorið 1971. Hann fékk snemma áhuga á teiknun en elztu myndirnar á sýningunni eru frá 1964 og eru það landslagsmyndir, en síðan hefur hann víða komið við og gripið á ýmsum listastefnum. Dvöl hans í skólanum hafði þau áhrif að hann tók að mála myndir sem byggðu á ýmsum línulegum formum, en síðan hefur hann, eins og hann segir sjálfur hrökklazt inn í að fara að mála ljóðrænar fantasíur. Flestar myndanna á sýningunni eru málaðar á þessu ári og í fyrra.

Málun er ekki eina listgreinin, sem Grétar hefur lagt rækt við, því tónlistin hefur átt sterk ítök í honum. Á skólaárunum var hann í Compó Þórðar Hall og lék þar á pappatunnur. Hann byrjaði að syngja með Óskari Cortes, var þátttakandi í Tríó '72 og í sumar lék hann í Bítlunum. Vel getur svo farið að hljómsveitin Paradís leiki eitt kvöld á hljómleikum á Kjarvalsstöðum meðan á sýningunni stendur og yrði það þá um miðja þessa viku. Ekki vildi Grétar neita því að það gæti komið til að hann drægi upp blýant og blað og gerði eina mynd undir áhrifum tónlistarinnar, en slíkt hefur hann áður gert, og var þá á hljómleikum í Háskólabíói fyrir nokkrum árum.

Sýningin verður opin til 4. ágúst n.k. alla daga frá kl. 2—10.

800 hafa séð myndir Knudsens

UM 800 manns hafa nú séð kvikmyndirnar, sem ættingjar Osvalds Knudsens sýna nú í vinnustofu hans á Hallveigarstíg 6, fram til 9. ágúst. Mikið af útlendingum sækir sýningarnar kl. 3, en þá eru sýndar myndir um eldgos, Eldur í Heimaey, um Öræfasveitina er nefnist Sveitin milli sanda og um heita vatnið „Heyrið vella í heiðum hveri." En á kvöldin kl. 9 eru sýndar myndirnar Þjóðhátíð á þingvöllum frá í sumar og Eldur í Heimaey, sem hlaut gullverðlaunin í Trento á Ítalíu í maí, Grand pix verðlaunin í júní í Krakau í Póllandi og var í sl. viku valin til sýningar á London festival í október.

Vilhjálmur Knudsen, sem hefur staðið að myndunum með föður sínum, Osvaldi Knudsen, er nú í London að ljúka kvikmynd um Akureyri fyrir Akureyrarbæ, en hún á að fara til sýningar í Kanada.

240 fangar úr haldi fyrir jól á N-Írlandi?

London 24. júlí
Reuter, AP, NTB

ÍRLANDSMÁLARÁÐHERRA Breta, Merlyn Rees, sagði í dag í fulltrúadeild brezka þingsins að stjórn hans vonaðist til að geta látið lausa fyrir jól 240 fanga á Norður-Írlandi. Fangar þessi eru grunaðir um að hafa verið viðriðnir hryðjuverkastarfsemi en slíka menn má nú fangelsa á Norður-Írlandi án undanfarandi réttarhalda.

Ráðherrann sagði að það ylti á öryggisaðstæðum á Norður-Írlandi hvort unnt yrði að láta fangana lausa, en nú ríkir „vopnahlé" á Norður-Írlandi og telja fréttaskýrendur að brezka stjórnin vilji nota fangafrelsunina til að hvetja írska byltingarherinn IRA til að halda vopnahléð. Frá því vopnahléð tók gildi í febrúar hafa brezk yfirvöld sleppt úr haldi um 300 föngum.

Kviksettur

Skandeborg 23. júlí — AP

FORNLEIFAFRÆÐINGAR sem hafa verið að grafa upp rústir Öm-munkaklaustursins nálægt Skandeborg í Danmörku voru um 700 árum of seint á ferðinni til að geta hjálpað munki sem virðist hafa verið grafinn lifandi af félögum sínum í klaustrinu. Fornleifafræðingarnir, sem skýrðu frá þessu í dag, voru að opna gröf í grafhvelfingu klaustursins, sem munkar byggðu árið 1172. Var beinagrindin í kistunni í afar óvenjulegri stellingu, og virtist að sögn fornleifafræðinganna sem munkurinn hafi látizt er hann gerði örvæntingarfulla tilraun til að þrýsta upp kistulokinu. Þykir þessi fundur áfall fyrir orðstír munkanna í Ömklaustrinu sem var miðstöð læknavísinda í Danmörku á miðöldum.

— Frystihúsin

Framhald af bls. 48

verkaður í þremur frystihúsum — hjá BÚR, frystihúsi Sambandsins að Kirkjusandi og hjá Ísbirninum, og kvað Marteinn miklar annir vera í öllum þessum húsum samfara þessum góðu aflabrögðum togaranna.

— Laxinn

Framhald af bls. 2

að standa við gerða samninga, sem áttu að tryggja göngufiski frjálsa ferð um allt Laxársvæðið. Hermóður kvað bændur einnig vera orðna langeygða eftir efndum þessara samninga af hálfu íslenzka ríkisins, og uggandi um að klakstarf þeirra komi Efri-Laxá að takmörkuðu gagni. Telja bændur, að sögn Hermóðs að ríkið beri fulla skaðabótaábyrgð á því, ef laxaklakið í Efri-Laxá ber ekki ávöxt.

— Fanfani

Framhald af bls. 1

tæki við leiðtogaembættinu. Zaccagnini, sem verið hefur forseti landsráðsins, hafði áður tilkynnt að hann hygðist hætta stjórnmálaafskiptum, og eftir kjörið í dag, sagðist hann vona að flokkurinn myndi sem fyrst fá sér varanlegri forystu.

— Lungnakrabbi

Framhald af bls. 1

hárlitunarefnum. Hafa athuganir hans leitt í ljós að 90% þessara efna eru líkleg til að valda krabbameini.

Gagnrýnendur rannsókna prófessors Ames benda hinsvegar á að þó að efni sé líklegt til að valda krabbameini, sé ekki hægt að flokka það með efnum, sem beinlínis eru völd að sjúkdómnum. En á móti hafa aðrir vísað til þeirrar staðreyndar að mikil fylgni er á milli þessara efna, og því beri að umgangast þau öll af fyllstu gát.

Margar tegundir hárlitunarefna eru á markaði hér á Íslandi. Þorkell Jóhannesson læknir, sem er formaður eiturefnanefndar, sagði Mbl. að erfitt væri að fylgjast með innflutningi efnanna því hann væri frjáls. Nefndin hefði nokkrum sinnum reynt að fá upplýsingar innflytjanda um samsetningu litanna, en þeir hefðu litlar hugmyndir um hana.

Þorkell sagði að lög um upplýsingar framleiðenda um samsetningu efna sem þessara væru ófullkomin. Væri aðeins um rammalöggjöf að ræða, sem erfitt væri að framfylgja.

— Portúgal

Framhald af bls. 1

almennings og gert uppbyggingu sósíalismans erfiða." Greinilegt er að þessum skeytum var beint til jafnaðarmanna og flokks alþýðudemókrata sem harðlega hafa gagnrýnt herforingjana og lýst yfir að þeir muni ekki taka þátt í stjórn undir forsæti Concalves. Jafnframt virðist gagnrýninni í tilkynningunni vera beint gegn stjórnmálamönnum á Azoreyjum, en óánægja með stjórnarfarið í Lissabon hefur gefið aðskilnaðarsinnum þar byr undir báða vængi.

— Kúfiskur

Framhald af bls. 48

af kúfiski, en kortleggja þyrfti miðin og ennfremur yrðu rækjumiðin þar könnuð. Vitað væri að rækju væri að finna víða við Austfirði. T.d. hefði veiðst nokkuð af henni 1968 á Seyðisfirði, og víðar væri hún sennilega innan fjarða. Hér væri þó sennilega um árstíðabundna veiði að ræða. Í leiðangri á rannsóknarskipinu Hafþóri í fyrra, hefðu þeir sett rækjutroll út á nokkrum stöðum frá Vattarnesi að sunnan að Dalatanga í norðri. Þar hefði fengist mjög góð rækja, um 140 stk. í kílói, og það mikið magn fengist að rækjan væri vel veiðanleg. Þeir hefðu þrætt landgrunnskantinn í norður og verið um 50 mílur úti og rækjan verið á 400 metra dýpi. Þetta þýddi að sæmilega stóra báta þyrfti til að veiða þessa rækju. Ennfremur hefði verið rækja á öllu svæðinu frá Dalatanga norður í Héraðsflóa.

— Skattarnir

Framhald af bls. 2

fyrra og Mbl. spurði hann hvernig honum litist á skattana sína núna:

„Mér líst ekkert á það að greiða þessa skatta á þessu ári eins og búið er að sauma að ferðaskrifstofunum með alls konar ráðstöfunum til að hindra rekstur þeirra og skaða hagsmuni fyrirtækjann," sagði Ingólfur.

„En það er gott að geta lagt eitthvað til samfélagsins, enda þótt ég telji mig búinn að vinna fullt starf í þágu þjóðfélagsins í 20 ár á öðru sviði og jafnframt að fjármagna þá starfsemi af mínum eigin peningum."

Hér á Ingólfur við starfsemi Pólýfónkórsins, en hann hefur verið stjórnandi hans og aðaldriffjöður frá upphafi. Og hann segir ennfremur:

„Eins og nú horfir þá reikna ég með að það hljóti að fara að enda. Þegar ég segi þetta, þá er það alveg óskylt skattaálagningunni. Það er bara búið að gera mér svo erfitt fyrir persónulega og mínu fyrirtæki á þessu ári, að ég sé mér varla fært að vinna að öðru.

Sveinbjörn Sigurðsson, húsasmíðameistari er 2. á lista yfir hæstu gjaldendur opinberra gjalda í Reykjavík en í fyrra var hann í 29. sæti. Honum er nú gert að greiða 9.591.068.- kr.

„Verða ekki allir að borga það sem þeir fá?" sagði hann og bætti við, „auðvitað er ég óánægður með að borga um 10 millj. kr. í opinber gjöld. Ég hef staðið í að byggja tvö dagheimili og einn skóla að undanförnu. Nú er þessum verkum að mestu lokið, en ég sé ekki betur að ég verði að fara að puða á ný, til að geta borgað þessa skatta."

Þá sagði Sveinbjörn:

„Ég ætla nú ekki að fara að gráta, en mér sárnar það mest, að þeir sem meira bera úr býtum en ég og fleiri skuli sleppa miklu betur. Annars verð ég að segja að mér finnst ekki mikið að borga þessa upphæð, miðað við það sem ég þurfti að borga árið 1969 Þá þurfti ég að borga 1,5 millj. kr. í skatt og það var sannarlega erfitt.

Geysilegur sundáhugi

Aðstaða aukin á þrem stöðum

GEYSILEGUR áhugi er meðal barna og unglinga í Reykjavík á íþróttum leikjum og sundi. Í júnímánuði voru 20 íþróttakennarar á vegum Reykjavíkurborgar við kennslu á íþrótta-, leikja- og sundnámskeiðum. Var kennt í öllum sundlaugunum í borginni og munu á þriðja þúsund börn og unglingar hafa tekið þátt í þeim, að því er Stefán Kristjánsson íþróttafulltrúi borgarinnar, tjáði Mbl. Í júlímánuði var haldið áfram sundkennslu í Sundhöllinni og Vesturbæjarlauginni og einnig í minni laugunum í Árbæjar- og Breiðagerðisskólalaugunum, en í skólunum þurfti að hætta sl. föstudag til að lagfæra þær og búa undir veturinn. Í júlímánuði var kennt í 14 tíma á dag í Breiðagerðisskólalauginni og ekki hæt að anna eftirspurn.

Unnið er að því að auka möguleikana til sundiðkunar í borginni. Verið er að byggja böð og búningsklefa við Vesturbæjarlaugina, sem eiga að geta þrefaldað möguleika á nýtingu hennar á dögum, sem mest er sótt í laugina, og miðað að því að taka þá í notkun í haust. Þá hefur verið samið við verktaka um gerð stórrar nýrrar sundlaugar í Breiðholti, og var veitt til byrjunarframkvæmda 18 millj. kr. á þessu ári. Og loks á fyrir haustið að setja upp sundlaug í Fellaskóla og hefur verið samið um kaup á plastlaug.

125 millj. kr. lán til íbúða aldraðra

BORGARSJÓÐUR hefur fengið hjá Húsnæðismálastjórn lánafyrirgreiðslu að upphæð 125 milljónir til byggingar leiguíbúða fyrir aldraða í Furugerði 1, sem Reykjavíkurborg er að hefja byggingu á. Á upphæðin að koma til útborgunar á tímabilinu frá október 1975 til október 1977. Mun borgarstjóri undirrita skuldabréf vegna lántökunnar innan skamms.

Kolgríma eins og Þjórsá að sumri

HLAUPIÐ í ánni Kolgrímu í vikunni stóð í tæpan sólarhring og komst vatnsmagnið upp í 500 teningsmetra á sekúndu sem er eins og Þjórsá í sumarvexti, sagði Sigurjón Rist vatnamælingamaður, sem var fyrir austan allan tímann og hafði gott tækifæri til að fylgjast með hlaupinu, sem hann sagði að væri mjög venjulegt.

Hlaup koma í Kolgrímu einu sinni og stöku sinnum tvisvar á ári. Vatn safnast fyrir í lóni upp af Geitakinn, þar sem Heinabergsjökull lokar dalskoru. Eftir 1930 færðu Heimabergsvötnin sig vestur í Kolgrímu og skildu brúna eftir á þurru. Þegar vatnsborðið er komið í vissa hæð í þessa svonefndu Vatnsdal, nær það að lyfta jökulsporðinum eða brjótast undir hann og kemur fram í hlaupi Kolgrímu. Er það sams konar hlaup og verður úr Grænalóni.

Meðan hlaupið var í ánni stöðvaðist umferð um hringveginn í 22 tíma eða frá kl. 7 á þriðjudag til kl. 5 á miðvikudag og biðu margir bílar beggja vegna árinnar.

Stöðugt handtekur Indira

Nýju Delhí, 26. júlí. AP

RÍKISSTJÓRN Indiru Gandhi lét í dag handtaka átta kunna Indverja, sem allir eru gamlir menn á sjötugs- og áttræðisaldri, fyrir að hafa ritað forsætisráðherranum bréf, þar sem þeir lýsa því yfir að þeir muni berjast fyrir því að lýð ræðislegum réttindum verði komið á aftur og ritskoðun afnumin og þeir muni virða þvingunarlög stjórnarinnar að vettugi. Ættingjar mannanna segja að þeir hafi skrifað frú Gandhi opið bréf fyrir þremur dögum, þar sem hún er hvött til að halda á ný í heiðri stefnu föður síns Jawaharlal Nehru, um að tjáningarfrelsi sé nauðsynlegt sjálfstæði Indlands. Mennirnir átta voru allir virkir í sjálfstæðisbaráttunni gegn Bretum og hafa ekki verið flokksbundnir síðustu ár.